

Mál nr. 349/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttengið 18. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. október 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 24. ágúst 2021 hafi M lent í umferðarslysi og hlotið af því líkamstjón. Atvik hafi verið þau að bifreiðinni A hafi verið ekið á hægri afturhorn bifreiðar B, sem M ók. Í fyrirliggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis um atvikið komi fram að A og B hafi verið dregnar af vettvangi í kjölfar árekstursins og komi þá einnig fram að M hafi fundið til eymsla í baki. Hafi M leitað til læknis daginn eftir þar sem hann hafi fengið greiningu um svokallaðan „whiplash“ áverka og ráðleggingar um hvíld, léttar æfingar og töku bólgueyðandi lyfja. Hinn 2. september 2021 hafi M aftur haft samband við lækni í gegnum Heilsuveru og þá lýst vöðvapreytu, bólgum og stífleika og versnun einkenna frá hálsi. Hafi M þá fengið beiðni um sjúkraþjálfun og hafi hann sótt tvo tíma í sjúkraþjálfun í september 2021. Þá hafi M leitað til nuddara og farið í fjórum sinnum í nuddmeðferð á tímabilinu 24. september 2021 til 24. apríl 2023. Í vottorði nuddarans komi fram að M hafi óskað eftir meðhöndlun vegna þráláttra verkja í baki og hálsi og hafi meðferðin falist í losun á vöðvaspennu á verkjasvæðum. Hinn 29. mars 2023 hafi beiðni um sjúkraþjálfun verið endurnýjuð þar sem M fyndi fyrir vöðvapreytu, bólgum og stífleika í hálsi eftir „whiplash“ áverka og þörf væri á áframhaldandi sjúkraþjálfun. Hafi M sótt fimm tíma í sjúkraþjálfun vorið 2023. Í fyrirliggjandi skýrslu sjúkraþjálfara dags. 11. júní 2023, komi m.a. fram að M sé aðeins í 70% vinnu eftir slysið en áður hafi starfsgeta hans verið 100%. Þá segi þar að M kvarti undan verkjum hægra megin í hálsi með geislandi verk niður í hægra herðablað, lýsi þreytuverkjum í hálsi og hægra herðablaði og þurfi reglulega að standa upp frá vinnu. Þá eigi hann erfitt með að festa svefn og víst sé að M hafi hlotið talsverða tognun við áreksturinn. Í vottorði bæklunarlæknis dags. 21. júní 2023 komi þá fram að M hafi orðið fyrir meiðslum í slysinu og hlotið tognun á hálsu og vöðva við hægra herðablað. Við skoðun læknisins dags. 21. júní 2023 hafi verið þreifiefmsli yfir hnakkafestum og sjalvöðvum þar sem þau ná út á herðar. Þreifiefmsli séu þá yfir vöðvum yfir hægra herðablað. Hafi M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna fyrrgreinds líkamstjóns en V hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 21. september 2023 á grundvelli þess að orsakatengsl teldust ósönnuð. Í málskoti kemur fram að með vísan til framangreindra læknisfræðilegra gagna, mats bæklunarlæknis og sjúkraþjálfara og einkennasögu M sé það afstaða M að sönnun á orsakatengslum hafi að fullu farið fram.

Í bréfi V er vísað til þess að M hafi leitað til læknis og sjúkraþjálfara innan mánaðar eftir slysið. Síðan hafi liðið nítján mánuðir án þess að M hafi sótt nokkurs konar þjónustu innan heilbrigðiskerfisins vegna slyssins. Engin samtímagögn styðji þá við þá fullyrðingu að M hafi þurft að minnka við sig vinnu eftir slysið og hvergi sé minnst á einkenni frá herðablaði fyrr en við komu til sjúkraþjálfara í mars 2023. Einkenni þau sem M telur að megi rekja til slyssins séu þá almenn og ósértæk og kunni vel að vera rakin til annarra atriða en árekstursins. Hafi M því ekki tekist að sýna fram á að orsakatengsl séu milli árekstursins og þeirra einkenna sem hann reki til hans.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 24. ágúst 2021 en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Fyrir liggur að M leitaði til læknis 25. ágúst 2021, en svo virðist sem engin læknisskoðun hafi farið fram í tengslum við beiðnir um sjúkraþjálfun dags. 2. september 2021 og 29. mars 2023. Þá liggur fyrir að M sótti aðeins tvo tíma í sjúkraþjálfun haustið 2021 og virðist ekki hafa leitað að nýju til læknis vegna einkenna sinna fyrr en hann var skoðaður af bæklunarlækni hinn 21. júní 2023. M fór þá einu sinni í nuddmeðferð á árinu 2022 og í yfirlýsingu nuddarans dags. 26. september 2023 segir að M hafi verið með þrálátta verki og losað hafi verið um vöðvaspennu á verkjasvæði. Að frátalinni þeirri meðferð verður ekki séð að M hafi sætt neins konar meðferð vegna einkenna sem hann rekur til árekstursins frá hausti 2021 og fram til þess að hann sótti

sjúkrapjálfun hinn 30. mars 2023. Þá liggja engin frekari gögn, s.s. óvinnufærnivottorð, fyrir um það að M hafi búið við skerta starfsgetu allt frá slysdegi og er því aðeins frásögn hans sjálfs til grundvallar þeirri staðhæfingu. Liggur þá fyrir að M hefur ekki gengist undir ítarlegar rannsóknir, s.s. myndgreiningu, vegna einkenna sem hann rekur til slyssins, og eins og áður segir hefur hann aðeins tvisvar verið skoðaður af lækni með tilliti til þeirra og liðu tæp tvö ár milli þeirra skoðana. Einkenni M eru þá nokkuð almenns eðlis og liggur ekki fyrir fullnægjandi staðfesting þess að þau séu sértæk fyrir umræddan árekstur. Þá liggja engin gögn fyrir um fyrra heilsufar M s.s. með tilliti til stoðkerfiseinkenna.

Með vísan til alls framangreinds hefur ekki verið sýnt fram á að orsakatengsl séu milli umrædds áreksturs og þeirra einkenna sem M rekur til hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir